

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra, 2012.

#### 1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

*Almenningur* greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:

Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s timbur, grófur og blandaður úrgangur.

*Rekstraraðilar* greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald:	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir fyrir magn og gerð úrgangs.

#### 2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

Almenningur getur skilað eftirtöldum flokkuðum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu hvenær sem er sólarhrings, gjaldfrítt:

*Pappír:* Dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög og prentpappír (ekki brúnir bréfpokar).

*Umbúðir úr sléttum pappa:* T.d. fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, brúnir bréfpokar, hólkar innan úr salernispappír, eldhúspappír og eggjabakkar úr pappa.

*Hart plast:* Sjampóbrúsar, tómatósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, tappar og lok (skilist lausir ekki áskrúfaðir).

*Mjúkt plast:* Plastfilma, plastpokar ýmiss konar t.d. utan af brauði, harðfiski o.fl.

*Bylgjupappi:* Pappakassar, pizzakassar o.fl.

*Málmar:* Niðursuðudósir, álpappír, álbox af sprittkertum, lok og tappar o.fl.

*Gler/postulín:* smærri hlutir s.s. brotnir blómapottar, glerbrot o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. nóvember 2011, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá nr. 292/2011 fellur úr gildi á sama tíma.

*Hvammstanga, 17. febrúar 2012.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.